

Halldór Ásgeirsson, sölustjóri

Afhending 2015/92

Halldór Ásgeirsson fæddist 5. ágúst 1893 í Dagverðartungu í Hörgárdal og lést 17. júní 1976. Foreldrar hans voru Benonía Kristjana Halldórsdóttir og Ásgeir Björnsson.

Halldór byrjaði að vinna hjá KEA árið 1913 og vann hjá því félagi fram á áttræðisaldur. Snemma varð hann kjötbúðarstjóri, síðan sláturhússtjóri og seinn sölustjóri verksmiðjanna. Halldór var fulltrúi sauðfjárveikivarna um árabil og yfirkjötmatismaður á Norðurlandi um tveggja áratuga skeið. Halldór var stór maður, bæði hár og þrekinn og hrókur alls fagnaðar í vinahópi. Hann var samvinnumaður fram í fingurgóma og einn skeleggasti baráttumaður framsóknarmanna.

Hann var kvæntur Soffíu Níelsínu Valdimarsdóttur, f. 7. desember 1893, d. 22. apríl 1979. Þau áttu fjögur börn. Síðar eignaðist hann einn son með Guðbjörgu Ólöfu Sigurðardóttur, f. 20. september 1913, d. 18. júní 1987.

Það var Gunnar Níelsson, barnabarn Halldórs, sem afhenti skjölin.

Akureyri 10. júlí 2020

Brynjar Steinn Gylfason

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Halldór Ásgeirsson			
A-Halldór Ásgeirsson			
			1922- 1923
Halldór Ásgeirsson (1893-1976), sölustjóri			2015/92
2015 -	A/1	1	1922- 1922 Dagbók 20,5 x 17 cm
2015 -	A/1	2	1922- 1923 Dagbók 20,5 x 17,5 cm
2015 -	A/1	3	1923- 1923 Dagbók 20,5 x 17 cm